



Velferðarsvið

**Umsögn um reglur Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar**

Á fundi öldungaráðs þann 12. apríl var samþykkt meðfylgjandi umsögn, sbr. 4. lið fundargerðar öldungaráðs sama dag.

Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: umsögn



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarsvið

**Sendandi:** Öldungaráð

---

### ***Umsögn um Reglur Reykjavíkurborgar um sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk á landi í eigu Reykjavíkurborgar***

Öldungaráð fagnar því að reglur um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun verði uppfærðar, þá er mikilvægt að umsóknir, sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna haldi gildi sínu á meðan gildir samningar eru til staðar.

Hins vegar veltir Öldungaráð fyrir sér í umsóknarferlinu þeirri kröfu um að skila inn bæði P-korti og læknisvottorði aftur en umsækjandi þarf í tvígang að skila inn umræddum gögnum, fyrst þegar hann sækir um P-kortið og svo aftur til að sækja um sérmerkt bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun. Best væri fyrir alla hagaðila að upplýsingakerfi borgarinnar og gögnin sem búið er að skila inn til Sýslumanns myndu tala saman.

Með ríkari upplýsingagjöf og samtali milli Reykjavíkurborgar og Ríkisins myndi umtalsverð hagræðing fyrir alla aðila bæði í tíma og fjármunum og léttu á álagi á heilsugæslukerfið við að gefa út vottorð að óþörfu.